

**Nd.**

## **440. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

### **1. gr.**

Á eftir 7. gr. laganna komi tvær nýjar greinar, er verði 8. og 9. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkvæmt því):

- a. (8. gr.) Þegar sveitar-, bæjar- eða sýslufélög reisa sjúkrahús samkvæmt lögum þessum, skal ríkissjóður leggja fram að hálfu stofnkostnað þeirra, enda hafi verið veitt til þess fé í fjárlögum og uppráttur sjúkrahúss og útbúnaður samþykktur af viðkomandi trúnaðarmönnum ríkisins.
- b. (9. gr.) Nú er sjúkrahús, sem sveitar-, bæjar- eða sýslufélög reka, sótt af sjúklingum, sem ekki eiga heimili í viðkomandi sveitar-, bæjar- eða sýslufélagi, og skal þá ríkissjóður taka þátt í rekstrarkostnaði viðkomandi sjúkrahúsa, þannig, að hann greiði fyrir hvern legudag þeirra sjúklinga, sem ekki eiga lögheimili í sveitar-, bæjar- eða sýslufélagi því, er sjúkrahúsið rekur, sem svarar  $\frac{1}{3}$  hluta daggjalds viðkomandi sjúkrahúss, enda mega þá eigi daggjöld utan-sveitarsjúklinga vera hærri en innansveitar.

Ákvæði þetta rýrir eigi greiðsluskyldu ríkissjóðs vegna sérstakra sjúkdóma samkvæmt öðrum lögum.

Rekstrarstyrkur þessi úr ríkissjóði skal greiddur ársfjórðungslega, eftir á, samkvæmt endurskoðuðum skýrslum sjúkrahúsanna um legudaga utansveitar-sjúklinga.

Setja skal með reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd ákvæða þessarar greinar, þar á meðal um, að staðfesting heilbrigðisstjórnar á daggjöldum skuli vera skilyrði fyrir greiðslu rekstrarstyrks úr ríkissjóði.

### **2. gr.**

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í texta laga nr. 30 19. júní 1933 og gefa þau út svo breytt.

### **3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.